

## Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um Ríkisútvarpið og áfengisauðglýsingar.

Frá Eyjólfí Ármannssyni.

- Telur ráðherra eðlilegt að Ríkisútvarpið, fjölmiðill í almannapágu, sem á að stuðla að félagslegri samheldni í íslensku samfélagi skv. 1. gr. laga um Ríkisútvarpið, birti auðglýsingar um ólöglega netsölu áfengis, sem er í andstöðu við einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, sbr. auðglýsingu sante.is í útvarpi Rásar 2 morguninn 6. desember sl.?
- Telur ráðherra að fyrrnefndar auðglýsingar brjóti í bága við 20. gr. áfengislaga, sem fjallar um bann við auðglýsingum á áfengi og upplýsingum um þjónustu tengda því, eða 37. gr. laga um fjölmiðla, sem kveður m.a. á um bann við dulðum viðskiptaboðum og bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi?
- Hvað hafa fyrirtæki sem selja áfengi í vefsölu greitt háar fjárhæðir samtals til Ríkisútvarpsins vegna auðglýsinga á árinu 2023?

Skriflegt svar óskast.